

FJÁRFESTINGASTEFNA NÝSKÖPUNARSJÓÐSINS KRÍU

Fjárfestingarstefna Nýsköpunarsjóðsins Kríu (NSK) er stefnurammi um fjárfestingar sjóðsins þar sem sett eru fram viðmið um helstu áherslur, meginreglur og verklag í tengslum við fjárfestingar og önnur verkefni. Tilgangur stefnunnar er að sjóðurinn þjóni tilgangi sínum og markmiðum með árangursríkum og ábyrgum hætti og starfi samkvæmt lögum og reglugerð sem um hann gilda.

Sérstaða sjóðsins er skilgreint hlutverk hans og staðsetning á markaði þar sem sjóðnum er ætlað að vera þolinmóður fjárfestir og brú frá styrkja- og englaumhverfis yfir til stærri fjárfesta s.s. vísisjóða, hvort sem horft er til þátttöku í sjóðum eða beinna fjárfestinga. Óflugt samstarf við opinbera aðila, aðra sjóði, sambærilega erlenda sjóði, styrkjaumhverfið og tenging við grasrótina er leiðarstef í starfsemi sjóðsins.

Sjóðurinn leggur áherslu á stuðning þar sem þörfin er mest hverju sinni og skilgreina má sem markaðsbrest án þess þó að vera í beinni samkeppni við þá fjárfesta sem fyrir eru. Sjóðurinn skal hafa hæfilega arðsemi að leiðarljósi. Í öllum verkefnum er horft til þess að auka samfellu í opinberum stuðningi til nýsköpunarfyrirtækja.

Í beinum fjárfestingum er horft til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja sem samkvæmt skilgreiningu laganna á við fyrirtæki sem er ekki rótgróið, er á fyrstu stigum vaxtar, telst vera lítið og hefur þróun ákveðinna viðskiptahugmynda að meginstarfsemi.

Tegundir fjárfestinga:

Fjárfestingar í sjóðum

- NSK fjárfestir í sjóðum sem sérhæfa sig í fjárfestingum í sprotafyrirtækjum s.s. vísi sjóðum og sérhæfðum fjárfestingasjóðum.

Beinar fjárfestingar

- Sá hluti NSK sem skilgreindur er í beinar fjárfestingar er sígrænn og hefur ekki afmarkaðan fjárfestingartíma. NSK fjárfestir í sprotafyrirtækjum á frumstigi.

Hvar fjárfestum við?

Áhersla er á fjárfestingar á Íslandi og verkefni um allt land. Einnig er heimilt að fjárfesta í erlendum sjóðum á sviði nýsköpunar samkvæmt afmörkun í reglugerð.

Áherslusvið fjárfestinga

Sérstök áhersla er á undirstöðugreinar í íslensku atvinnulífi, hönnunargreinar, matvælaþróun og líftækni. Einnig er horft til fjárfestinga á öðrum sviðum til að mynda á sviði upplýsingatækni, grænnar tækni og skapandi greina. Stjórn sjóðsins getur í fjárfestingaáætlun lagt tímabundna áherslu á ákveðnar atvinnugreinar.

Áhættustýring

Fjárfestingar byggja ætíð á faglegu mati á áhættu og áhersla er lögð á dreifingu áhættu með fjölbreyttum fjárfestingum.

Ákvarðanataka og fjárfestingar

Fjárfestingarákvarðanir skulu teknar á grundvelli faglegs mats, skýrrar skýrslugerðar og samþykkis stjórnar sjóðsins.

Stefnan tekur til allra fjárfestingaákvarðana auk ákvarðana um lánveitingar sjóðsins. Verklag, fyrirvarar og áherslur í tengslum við allar fjárfestingar en eru nánar útlistaðar í starfsreglum stjórnar og fjárfestingaráðs.

Eftirfylgni

Árlega fer fram endurmat á eignasafni sjóðsins sem staðfest er af endurskoðanda skipuðum af Ríkisendurskoðun.

Ábyrgar fjárfestingar

Sjóðurinn leggur áherslu á ábyrgar fjárfestingar en með því er átt við að litið sé til stjórnarháttar, umhverfismála, jafnréttismála og félagslegra þátta. Fjárfestingar skulu uppfylla viðurkenndar siðareglur og kröfur um samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærni.

Stærðir fjárfestinga og vægi

Í reglugerð um sjóðinn er skilgreindur rammi um umfang fjárfestinga, stærð verkefna og vægi sjóðsins gagnvart öðrum fjárfestum.

Lánveitingar

Í samræmi við ákvæði í reglugerð þróar sjóðurinn og býður afurðir tengdar lánum og fjármögnun. Í þessum verkefnum er horft til nágrannalanda og árangursríkra verkefna þar.

Stuðningur við nýsköpunarumhverfið

NSK leggur, með margvíslegum hætti, áherslu á stuðning við nýsköpunarumhverfið. Forsenda þessa er þekkingaruppbygging hjá sjóðnum. Í þessu felst m.a. öflugt starf í tengslamyndum hér heima og erlendis samhliða átaksverkefnum, aðkomu að viðburðum, fundum, ráðstefnum og fræðslu.

Eftirfylgni og sala beinna fjárfestinga

Almennt er horft til þess að NSK sé hluthafi í a.m.k. 5-10 ár, en það ræðst þó af eðli og framgangi fjárfestingar. Þörf kann í einhverjum tilvikum að vera á því að sjóðurinn fylgi eftir frumfjárfestingu með frekari hlutafjárkaupum eða lánveitingum. Þegar þar að kemur er það sjálfstætt mat hverju sinni hvenær heppilegast er fyrir fyrirtækið sem í hlut á og sjóðinn að selja hlut sinn.

Endurskoðun stefnu

Fjárfestingarstefnan skal endurskoðuð að lágmarki á tveggja ára fresti til að tryggja að hún endurspegli þróun á markaði og stefnu stjórnvalda.

Þannig staðfest af stjórn 12.mars 2025